

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Akranesveitu.

Samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Akranesveitu er taki gildi 1. nóvember 2000.

Gjaldskrá Akranesveitu nr. 431, 24. júní 1999, með áorðnum breytingum, breytist þannig:

Sala á heitu vatni.

D-hluti.

3. gr.

Gjald fyrir afnot af heita vatninu er:

- | | |
|---|------------|
| a) Þeir sem greiða fastagjald samkvæmt 2. gr.: | 77,15 kr. |
| fyrir hvern rúmmetra vatns. | |
| b) Þeir sem ekki greiða fastagjald samkvæmt 2. gr.: | 103,13 kr. |
| fyrir hvern rúmmetra vatns. | |

Iðnaðarráðuneytinu, 20. október 2000.

Valgerður Sverrisdóttir.

Þorgeir Örlygsson.

11. október 2000

Nr. 760

REGLUGERÐ

um lækkun, niðurfellingu eða endurgreiðslu aðflutningsgjalda af vörum vegna endursendingar, galla, tjóns, vöntunar eða endursölu til útlanda.

Aðflutningsgjöld.

1. gr.

Með aðflutningsgjöldum er í reglugerð þessari átt við alla skatta og gjöld sem greiða ber við tollmeðferð vöru. Um endurgreiðslu virðisaukaskatts fer þó skv. 8. gr. reglugerðarinnar.

Endursending vöru.

2. gr.

Tollstjóri skal að uppfylltum skilyrðum 2. mgr. falla frá innheimtu aðflutningsgjalda af ótollafrgreiddri vöru sem er í vörslu farmflytjanda og ekki hefur verið vitjað, viðtakandi hefur ekki fundist að eða neitað hefur verið um viðtöku á og endursend er til útlanda til sama aðila og hún var send frá hingað til lands. Sama á við um vöru sem sett hefur verið í tollvörugæmslu og endursend er til útlanda af sömu ástæðum.

Skilyrði ákvörðunar skv. 1. mgr. eru að eftirtalin gögn séu lögð fram innan eins mánaðar frá brottför útflutningsfars:

1. Skrifleg beiðni á þar til gerðu eyðublaði um tollskoðun þeirrar vöru sem beiðni um endursendingu lýtur að. Nauðsynleg tollskjöl skulu fylgja beiðninni, hafi þau ekki þegar verið afhent.
2. Skrifleg staðfesting tollgæslu á að skoðun vöru og umbúða hafi farið fram og að varan hafi reynst vera í samræmi við framkomnar upplýsingar. Ef varan er eigi þegar að lokinni tollskoðun flutt um borð í flutningsfar skal hún innsigliuð ef ástæða þykir til að hafa hana undir innsigli þar til útflutningur á sér stað.